

# ÞJÓÐMÁLAKÖNNUN

UNNIÐ FYRIR RÚNAR VILHJÁLMSOON

Maí 2017

Viðhorf almennings á Íslandi til frumvarps um sölu áfengis í verslunum



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## INNGANGUR

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Í mars til maí 2017 var meðal annars spurt um viðhorf Íslendinga til afbrota.

Könnunin náði til 1733 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

## FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tekið var 1500 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Vegna tiltekins verkefnis í könnuninni var einnig tekið 233 manna úrtak úr ákveðnum póstnúmerum á Austurlandi, svo alls náði könnunin til 1733 manna. Gagnaöflun hófst 16. mars og lauk 3. maí 2017. Alls svöruðu 1120 könnuninni og er svarhlutfallið því 65% (sjá töflu i).

### Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar

Framkvæmdamáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	16.03.17-03.05.17
Fjöldi í úrtaki	1733
Fjöldi svarenda	1120
Svarhlutfall	65%

Í töflu ii má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Eins og sjá má er munur á aldursdreifingu svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt, en svörun var lakari í yngsta aldurshópnum en búist var við. Einnig var munur á svörum eftir menntun, en svörun var betri hjá háskólamenntuðum og lakari meðal þeirra sem höfðu lokið grunnskólamenntun. Þá var nokkur munur á búsetu þar sem viðbótarúrtakið af Austurlandi skekkti nokkuð heildarmyndina. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði og sérstaklega var hugað að aukaúrtakinu á Austurlandi þegar gögnin voru vigtuð.



**Tafla ii. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda og þýðis**

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
<b>Kyn</b>				
Karl	551	49,2%	130.409	50,4%
Kona	569	50,8%	128.156	49,6%
<b>Aldur ***</b>				
18-25 ára	84	7,5%	39.362	15,2%
26-35 ára	168	15,0%	48.624	18,8%
36-45 ára	188	16,8%	44.905	17,4%
46-55 ára	224	20,0%	42.572	16,5%
56-65 ára	230	20,5%	38.988	15,1%
66-75 ára	141	12,6%	25.777	10,0%
76 ára og eldri	85	7,6%	18.337	7,1%
<b>Búseta***</b>				
Höfuðborgarsvæði	612	54,6%	166.120	64,2%
Landsbyggð	508	45,4%	92.445	35,8%
<b>Menntun ***</b>				
Grunnskólamenntun	151	14,1%	71.730	32,6%
Framhaldsskólamenntun	415	38,7%	82.300	37,4%
Háskólamenntun	507	47,3%	66.100	30,0%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

*Hver er afstaða þín til frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verslunum? (N=1120)*

Fylgjandi	Mótfallinn
30,8%	69,2%

Taflan sýnir að **mikill meirihluti Íslendinga er mótfallinn áfengisfrumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi.**

Hver er afstaða þín til frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verslunum? (Greint eftir stuðningi við stjórn málaflokka)

	Björt fram tíð	Fram- sókn	Viðreisn	Sjálfst.fl.	Píratar	Sam- fylking	VG
Mótfallin/n	56,8%	77,8%	54,8%	54,4%	58,4%	82,6%	88,8%
Fylgjandi	43,2%	22,2%	45,2%	45,6%	41,6%	17,4%	11,2%

Taflan sýnir að **meirihluti stuðningamanna allra flokka á þingi er mótfallinn áfengisfrumvarpinu**. Andstaðan er mest meðal stuðningsmanna Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna.

*Hver er afstaða þín til frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verslunum? (Greint eftir kynferði)*

	Karlar	Konur
Mótfallin/n	60,6%	77,8%
Fylgjandi	39,4%	22,2%

Taflan sýnir að þótt meirihluti karla og kvenna sé mótfallinn áfengisfrumvarpinu er **andstaðan meiri meðal kvenna**.

*Hver er afstaða þín til frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verzlunum? (Greint eftir aldurshópum)*

	18-29 ára	30-44 ára	45-59 ára	60 ára og eldri
Mótfallin/n	46,3%	64,7%	75,5%	87,0%
Fylgjandi	53,7%	35,3%	24,5%	13,0%

Taflan sýnir að **andstaða við áfengisfrumvarpið eykst með hækkandi aldri.**

Varðandi yngsta hópinn sérstaklega er rétt að taka fram, að þó hlutfall mótfallinna hafi reiknast lægra en hlutfall þeirra sem eru fylgjandi, er sá prósentumunur ekki tölfræðilega marktækur.

*Hver er afstaða þín til frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verzlunum? (Greint eftir búsetu)*

	Höfuðborgar- svæði	Landsbyggð
Mótfallin/n	66,5%	74,0%
Fylgjandi	33,5%	26,0%

Taflan sýnir að **andstaðan við áfengisfrumvarpið er meiri á landsbyggðinni** en á höfuðborgarsvæðinu.



*Hver er afstaða þín til frumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um að heimila sölu á áfengi í verzlunum? (Greint eftir landshlutum)*

	Reykja vík	Nágr. svf. Rvk.	Reykja nes	Vestur land	Vestfi.	Norðl. vestra	Norðl. eystra	Austur land	Suður land
Mótfallin/n	67,5	65,0	61,0	88,0	70,6	89,7	75,3	70,7	73,7
Fylgjandi	32,5	35,0	39,0	12,0	29,4	10,3	24,7	29,3	26,3

Taflan sýnir **afgerandi andstöðu við áfengisfrumvarpið í öllum landshlutum**. Þó má sjá nokkurn mun og er andstaðan mest á Vesturlandi og Norðurlandi vestra, en minnst á Reykjanesi.

